

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 232/2022

2023/EES/31/05

frá 23. september 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/195 frá 11. febrúar 2022 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 að því er varðar upplýsingaskjalið, vottorðin fyrir viðurkenningu ökutækja, blaðið með prófunarniðurstöðum og samræmisvottorð á pappír <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 89, 17.3.2022, bls. 10.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 51a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 0195:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/195 frá 11. febrúar 2022 (Stjútíð. ESB L 31, 14.2.2022, bls. 27), sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 89, 17.3.2022, bls. 10.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/195, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 89, 17.3.2022, bls. 10, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2022 frá 18. mars 2022 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kristján Andri Stefánsson**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 31, 14.2.2022, bls. 27.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 24 og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 12.